

## BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2024

### KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á VORÖNN 2024



Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á vorönn 2024. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndaöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Nýr flokkur kvikmyndafræðslu lítur dagsins ljós þetta vor þar sem frumkvöðlar kvikmyndasögunnar verða kynntir, með myndinni Buñuel í vöfundarhúsi skjaldbakanna. Um er að ræða teiknimynd sem segir m.a. frá sambandi Salvador Dalí og Luis Buñuel og hvernig heimildamyndin fræga, Las Hurdes, Land án brauðs varð til, á aðgengilegan hátt fyrir nemendur. Önnur mynd í flokknum bíóklassík er ítalska myndin, Reiðhjólþjófarnir, ein merkasta mynd sem hefur verið gerð.

Myndir sem taka á mikilvægum samfélagslegum málefnum verða einnig á boðstólum. Einelti, sorg, móðurmissir, listsköpun og vangaveltur um plánetuna okkar verða áberandi. Við bjóðum upp á glænýja mynd í formi vísindaskáldsögu um útdauða dýrategunda, en kynntar eru raunhæfar lausnir til að sporna við því. Myndin var sýnd fyrir unga áhorfendur á vegum Kvikmyndamiðstöðvar og naut mikilla vinsælda, enda er hún mjög nútímaleg og notast við mörg listræn form kvikmyndarinnar.

Við sýnum hugljúfar fjölskyldumyndir eins og Viktoría og ráðgátan, sannsögulega mynd um unga stúlku sem tekst á við móðurmissi með því að ala upp hvolp af óþekktri tegund, Óskarsverðlaunamyndina Hefndina eftir Susanne Bier, sem fjallar um einelti, móðurmissi, sorg og fyrirgefningu. Edward Scissorhand fjallar um óvenjulegan dreng sem býr yfir listrænum hæfileikum með Johnny Depp í aðalhlutverki. Nellý í sænsku grínmyndinni Nellý Rapp er utangarðs þar til hún hittir frænda sinn sem er skrímslaspæjari og kynnist ýmsum skemmtilegum skrímslum. Á alvarlegri nótum er danska myndin Óstýrilát sem fjallar um konur í Danmörku á fjórða áratugnum og er mikilvægur hluti af réttindabaráttu kvenna.

Fyrir yngri áhorfendur bjóðum við upp á frönsku myndina Kirikou og galdranornin og norsku myndina Andri og Edda búa til leikhús, en þau vilja setja upp sýningu til að styrkja fátæk börn á Indlandi. Gamanmyndin Moonrise Kingdom fjallar um ástir ungmenna sem flýja út í óbyggðirnar. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi í vor.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)



## GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2023

KIRIKOU OG GALDRANORNIN 1-4. bekkur

ANDRI OG EDDA BÚA TIL LEIKHÚS 1.-4. bekkur, 3+

NELLÝ RAPP, SKRÍMSLASPÆJARI 4.-7. bekkur

BUNUEL Í VÖLUNDARHÚSI SKJALDBAKANNA 8.-10. bekkur

VICKY OG RÁÐGÁTAN HENNAR 5.-8. bekkur

MOONRISE KINGDOM 7.-10. bekkur

EDWARD SCISSORHANDS 7.-10. bekkur

REIÐHJÓLAÞJÓFARNIR 9.-10. bekkur

HEFNDIN 8.-10. bekkur

ÓSTÝRILÁT 10. bekkur

ALLT ER Í HEIMINUM HVERFULT 7.-10. bekkur



*Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur*

*Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)*

*Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís*



## KIRIKOU OG GALDRANORNIN



*TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, 1998*

*LENGD: 74 MIN*

*FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland*

*LEIKSTJÓRI: Mihel Ocelot*

*AÐALHLUTVERK: Doudou Gueye Thiaw, Awa Sene Sarr, Maimouna N'Diaye*

*TUNGUMÁL: Talsett á íslensku*

Kirikou og galdranornin er byggð á afrískri smásögu eftir franska höfundinn Michel Ocelot. Í myndinni segir frá ævintýrum Kirikou, agnarsmáum afrískum dreng sem á heima í litlu þorpi í Afríku. Hann er enginn venjulegur drengur því hann getur strax talað og gengið og veit nákvæmlega hvað hann vill.

Myndin segir frá hetjulegri baráttu hans við galdranornina Karöbu sem stjórnar íbúum þorpsins með göldrum. Spannandi og hugljúf mynd þar sem endirinn kemur á óvart.

## ANDRI OG EDDA BÚA TIL LEIKHÚS



*TEGUND OG ÁR: Barnamynd, 2017*

*FRAMLEIÐSLULAND: Noregur*

*LENGD: 80 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Arne Lindtner Næss*

*LEIKARAR: Hilda Lyrån, Janne Formoe, Anne Celine Bredal*

*TUNGUMÁL: Talsett á íslensku*

Andri og Edda fara í leikhús með leikskólanum þar sem þau sjá leikbrúðusýningu um Þyrnirós. Þau verða svo hrifin að þau ákveða að setja upp eigin leiksýningu. Sýningin er merkilegt samfélagslegt verkefni þar sem börnin afla peninga fyrir fátæk börn á Indlandi sem hafa ekkert rafmagn og því ekkert ljós á kvöldin.

Myndin er sjálfstætt framhald af myndinni Andri og Edda verða bestu vinir, gerð eftir samnefndri barnabók Tor Åge Bringsværd sem skrifaði margar bækur um ævintýri Andra og Eddu, eða Karsten og Petru eins og þau heita á norsku.

Dásamleg barnamynd þar sem vinátta og sköpunarkraftur skipta meginmáli.

## NELLÝ RAPP, SKRÍMSLASPÆJARI



*TEGUND OG ÁR: Ævintýri, grínmynd, fantasía, 2020*

*FRAMLEIÐSLULAND: Sviþjóð*

*LENGD: 93 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Amanda Adolphsson*

*LEIKARAR: Matilda Gross, Lily Wahlsteen, Marianne Mörck*

*TUNGUMÁL: Talsett á íslensku*

Sannkölluð ævintýramynd þar sem draugar, vampírur og varúlfar leika lausum hala! Nellý er ung stúlka sem er öðruvísi en aðrir krakkar og á fáa vini. Hún er móðurlaus og einmana, svo faðir hennar fer með hana til frænda hennar Hannibals sem býr á glæsilegu og draugalegu setri úti í sveit. Hundurinn London er með í för og Nellý á ekki von á neinu óvæntu, en skyndilega breytist allt því frændinn er skrímlaspæjari!

Myndin var tilnefnd til Kristalsbjörnsins á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlínar og hlaut tvö Gullbaggaverðlaun árið 2021 auk fleiri verðlauna og viðurkenninga. Myndin er ekki ósvipuð Harry Potter-myndunum og Vampírubananum Buffy en er hugljúf fjölskyldumynd með fallegum boðskap.

**BUNUEL Í VÖLUNDARHÚSI SKJALDBAKANNA/BUNUEL IN THE LABYRINTH OF THE TURTLES – Frumkvöðlar - Bíóklassík**



*TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, sannsögulegt, 2018*

*FRAMLEIÐSLULAND: Spánn*

*LENGD: 77 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Salvador Simó*

*LEIKARAR: Jorge Usón, Fernando Ramos, Luis Enrique de Tomás*

*TUNGUMÁL: Spænska og franska með enskum texta*

Myndin hefst í París árið 1930. Salvador Dalí og Luis Buñuel gera saman súrrealíska kvikmynd sem gengur illa og skilar engum peningum. Buñuel ætlar sér að gera heimildamynd um fátækasta hérað Spánar, Las Hurdes, en verður að setja það á hilluna. Vinur hans, Ramón Acín, kaupir lottómiða og lofar því að ef hann vinni, muni hann fjármagna myndina. Öllum að óvörum vinnur hann svo þeir leggja af stað til Las Hurdes til að gera mynd, sem varð ein af merkilegustu og óvenjulegustu heimildamyndum allra tíma. Myndin var framlag Spánverja til Óskarsverðlaunanna 2019 og hlaut Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sama ár.

Luis Buñuel var frægur spænskur kvikmyndagerðarmaður, og af mörgum talinn einhver mikilvægasti leikstjóri kvikmyndasögunnar. Hann starfaði aðallega í Frakklandi og Mexíkó en einnig í heimalandi sínu og Bandaríkjunum. Hann var súrrealisti og hefur haft gífurleg áhrif á kvikmyndagerð.

## VIKTORÍA OG RÁÐGÁTAN



*TEGUND OG ÁR: Ævintýri, drama, fjölskyldumynd, 2020*

*FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland*

*LENGD: 83 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Denis Imbert*

*LEIKARAR: Vincent Elbaz, Shanna Keil, Marie Gillain*

*TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta*

Viktoría er átta ára gömul. Þegar móðir hennar fellur frá, flytur hún í lítið fjallaþorp í Cantal ásamt föður sínum þar sem fjölskyldan átti sumarhús. Faðir hennar vonar að umskiptin verði til þess að Viktoría kynnist nýjum félögum og vinni betur úr sorginni. Dag nokkurn þegar þau eru í gönguferð, finnur Viktoría hvolp af óþekktum uppruna sem hún tekur að sér og kallar Ráðgátu. Tengsl þeirra verða óvenju sterk og Viktoría öðlast nýja von, en ekki eru allir sáttir við hvolpinn hennar.

Myndin er byggð á sannri sögu og hin raunverulega Viktoría var þriggja ára þegar hún tók að sér hvolpinn. Einstaklega hugljúf fjölskyldumynd fyrir alla sem elska dýr.

## MOONRISE KINGDOM



**TEGUND OG ÁR:** *Ævintýri, drama, grínmynd, 2012*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LENGD:** *94 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Wes Anderson*

**LEIKARAR:** *Jared Gilman, Kara Hayward, Bruce Willis*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Myndin gerist á lítilli eyju árið 1965 þar sem örfáar hræður búa og fjallar um tólf ára gamlan strák og stelpu sem verða ástfangin. Þau gera með sér leynilegt samkomulag um að flýja saman út í óbyggðirnar. Á meðan hin ýmsu yfirvöld og stofnanir leita þeirra, sækir skuggalegur stormur í sig veðrið og brátt er hið sallarólega samfélag eyjunnar komið á annan endann.

Myndir Wes Anderson eru mjög sérstakar, einkennast af löngum skotum, sterkum litum, íburðarmiklum búningum og sviðsmyndum, auk þess sem hann blandar saman leiknum atriðum og tölvuhönnun.



## EDWARD SCISSORHANDS



*TEGUND OG ÁR: Fantasía, grínmynd, 1990*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin*

*LENGD: 105 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Tim Burton*

*LEIKARAR: Johnny Depp, Winona Ryder, Vincent Price*

*TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta*

Edward Scissorhands fjallar um sérlega blíðlegan dreng að nafni Edward sem er jafnframt ófullkomið sköpunarverk uppfinningamanns, en hann lést áður en hann lauk við hendur Edwards svo hann er með skæri í stað handa. Hann býr einn og yfirgefinn í kastala þar til indæl kona að nafni Peg tekur hann að sér. Í ljós kemur að Edward býr yfir miklum hæfileikum, en ekki allir kunna að meta þennan sérkennilega dreng.

Leikstjóri myndarinnar, Tim Burton, var félagsfælinn sem unglingur og einangraði sig, en teiknaði myndir af Edward með klippihendur til að tjá einmanaleik sinn. Síðar ákvað hann gera kvikmynd byggða á þessari reynslu. Hlutverk uppfinningamannsins var skrifað fyrir Vincent Price sem var þekktastur fyrir leik sinn sem Drakúla.

## REIÐHJÓLAÞJÓFARNIR/ LADRI DI BICICLETTE - Bíóklassík



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, 1948*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Ítalía*

**LENGD:** *89 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Vittorio De Sica*

**LEIKARAR:** *Lamberto Maggiorani, Enzo Staiola, Lianella Carell*

**TUNGUMÁL:** *Ítalska með enskum texta*

Ein af frægustu kvikmyndum allra tíma, enn talin með bestu myndum sem hafa verið gerðar, byggir á einföldum söguþræði. Hún segir frá Antonio, atvinnulausum og fátækum manni í Róm eftirstríðsáranna. Hann fær vinnu við að hengja upp veggspjöld í borginni. Til þess að geta stundað vinnu sína verður hann sér úti um reiðhjól, en því er stolið. Antonio fer um borgina með syni sínum, Bruno, til að leita að þjófum og áhorfandinn kynnist ýmsum innviðum Rómar frá þessu tímabili. Hugljúf og spennandi mynd sem er undir sterkum áhrifum frá Krakkanum eftir Chaplin og dregur upp einstaka mynd af Róm.

Götumyndirnar vöktu heimsathygli á sínum tíma og allir leikarar voru ólærðir í þágu raunsæis, en sýna stórkostlegan leik. Myndin er ádeila á fátækt, atvinnuleysi og erfiðleika lífsins sem eiga enn við í dag, en er fyndin á köflum.

## HEFNDIN - Í BETRI HEIMI



*TEGUND OG ÁR: Drama, 2010*

*FRAMLEIÐSLULAND: Danmörk*

*LENGD: 115 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Susanne Bier*

*AÐALHLUTVERK: Mikael Persbrandt, Trine Dyrholm og Markus Rygaard*

*TUNGUMÁL: Danska með íslenskum texta*

Þessi hugljúfa mynd segir frá læknum Antoni sem starfar í smábæ í Danmörku og flóttamannbúðum í Súdan. Á báðum stöðunum er hliðstæður vandi: Kúgun og einelti þótt menningarheimarnir eru ólíkir. Anton og eiginkona hans Marianne eru að skilja. Þau eiga tvo syni og sá eldri, Elías, sem er tíu ára, verður fyrir miklu einelti í skólanum.

Elías kynnist Christian, sem er nýfluttur frá Englandi eftir dauða móður sinnar. Hann hefur ekki unnið úr móðurmissinum og þeir Elías tengjast sterkum böndum þar sem báðir eru utangarðs. Christian kennir Elíasi hættulegan leik sem tengist hefnd, en þungamiðja myndarinnar er baráttan á milli fyrirgefningar og hefndar.

Hefndin hlaut Óskarsverðlaunin fyrir bestu erlendu myndina árið 2010.

## ÓSTÝRILÁT



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, byggð á sannsögulegum atburðum, 2023*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Danmörk*

**LENGD:** *135 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Malou Reymann*

**LEIKARAR:** *Emilie Kroyer Koppel, Danica Ćurčić, Lene Maria Christensen*

**TUNGUMÁL:** *Danska með íslenskum texta*

Myndin er byggð á sönnum atburðum sem gerðust í Danmörku á fjórða áratugnum. Maren er sautján ára gömul, dugleg og hugmyndarík saumakona, en er talin villt samkvæmt reglum samfélagsins árið 1933. Hún er því send á kvennaheimili í Sprogø til að læra betri siði. Hún kynnist mörgum indælum stúlkum sem sumar hafa lent í vanda en neitar að aðlaga sig, svo hún er svipt öllum réttindum í Danmörku.

Myndin tekur á viðkvæmum málum á nærfærinn hátt og sýnir hróplegt óréttlæti en líka mikilvæga sigra í baráttu kvenna fyrir sjálfsögðum réttindum. Hún hlaut Dragon-verðlaunin, aðalverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg 2023.

## ALLT ER Í HEIMINUM HVERFULT/ EVERYTHING WILL CHANGE



**TEGUND OG ÁR:** *Vísindaskáldsaga, drama, 2021*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Holland, Þýskaland*

**LENGD:** *92 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Marten Persiel*

**LEIKARAR:** *Jessamine-Bliss Bell, Jacqueline Chan, Vibeke Hastrup*

**TUNGUMÁL:** *Enska með íslenskum texta*

Í fjarlægri veröld árið 2054 halda þrír ungir hugsjónamenn af stað í leiðangur í von um að finna svarið við því hvers vegna náttúruvegur jarðarinnar sé horfin.

Svarið felst í fortíðinni og þegar þeir uppgötva lykilinn að þriðja áratugi tuttugustu og fyrstu aldarinnar – á meðan enn var von um farsæla framtíð, breytist allt.

Í þessari óvenjulegu vegamynd takast skáldskapurinn og vísindalegar staðreyndir á til að rannsaka mest knýjandi vanda okkar tíma: Útdauða dýrategundanna.

Við eigum val um framtíðina og það eru til raunhæfar lausnir.

## SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 25. JANÚAR KL. 10:00 – KIRIKOU OG GALDRANORNIN

FIMMTUDAGUR 25. JANÚAR KL. 13:00 – EDWARD SCISSORHANDS

ÞRIÐJUDAGUR 30. JANÚAR KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA BÚA TIL LEIKHÚS

ÞRIÐJUDAGUR 30. JANÚAR KL. 13:00 – BUNUEL Í VÖLUNDARHÚSI SKJALDBAKANNA

FIMMTUDAGUR 8. FEBRÚAR KL. 10:00 – ALLT ER Í HEIMINUM HVERFULT

FIMMTUDAGUR 8. FEBRÚAR KL. 13:00 – HEFNDIN

FIMMTUDAGUR 15. FEBRÚAR KL. 10:00 – NELLÝ RAPP

FIMMTUDAGUR 15. FEBRÚAR KL. 13:00 – REIÐHJÓLAÞJÓFARNIR

## VETRARFRÍ



ÞRIÐJUDAGUR 27. FEBRÚAR KL. 10:00 – MOONRISE KINGDOM

ÞRIÐJUDAGUR 27. FEBRÚAR KL. 13:00 – HEFNDIN

ÞRIÐJUDAGUR 5. MARS KL. 10:00 – VICKY OG RÁÐGÁTAN

ÞRIÐJUDAGUR 5. MARS KL. 13:00 – ÓSTÝRILÁT

ÞRIÐJUDAGUR 12. MARS KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA BÚA TIL LEIKHÚS

ÞRIÐJUDAGUR 12. MARS KL. 13:00 - REIÐHJÓLAÞJÓFARNIR

FIMMTUDAGUR 21. MARS KL. 10:00 – BUNUEL Í VÖLUNDARHÚSI SKJALDBAKANNA

FIMMTUDAGUR 21. MARS KL. 10:00 – NELLÝ RAPP

## PÁSKAFRÍ



FIMMTUDAGUR 4. APRÍL KL. 10:00 – HEFNDIN/REIÐHJÓLAÞJÓFARNIR

FIMMTUDAGUR 4. APRÍL KL. 13:00 - ÓSTÝRILÁT

ÞRIÐJUDAGUR 9. APRÍL KL. 10:00 – VIKTORÍA OG RÁÐGÁTAN

ÞRIÐJUDAGUR 9. APRÍL KL. 10:00 – ALLT ER Í HEIMINUM HVERFULT

FIMMTUDAGUR 18. APRÍL KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA BÚA TIL LEIKHÚS

FIMMTUDAGUR 18. APRÍL KL. 13:00 – NELLÝ RAPP

ÞRIÐJUDAGUR 23. APRÍL KL. 10:00 – EDWARD SCISSORHANDS

ÞRIÐJUDAGUR 23. APRÍL KL. 13:00 – VIKTORÍA OG RÁÐGÁTAN

ÞRIÐJUDAGUR 30. APRÍL KL. 10:00 – MOONRISE KINGDOM/ALLT ER Í HEIMINUM HVERFULT

ÞRIÐJUDAGUR 30. APRÍL KL. 13:00 – BUNUEL Í VÖLUNÐARHÚSI SKJALDBAKANNA

FIMMTUDAGUR 2. MAÍ KL. 10:00 – KIRIKOU OG GALDRANORNIN

FIMMTUDAGUR 2. MAÍ KL. 13:00 – EDWARD SCISSORHANDS

ÞRIÐJUDAGUR 7. MAÍ KL. 10:00 – VIKTORÍA OG RÁÐGÁTAN/NELLÝ RAPP

ÞRIÐJUDAGUR 7. MAÍ KL. 13:00 – ALLT ER Í HEIMINUM HVERFULT

ÞRIÐJUDAGUR 14. MAÍ KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA BÚA TIL LEIKHÚS

ÞRIÐJUDAGUR 14. MAÍ KL. 13:00 – MOONRISE KINGDOM/HEFNDIN



Pöntun þarf að vera skýr og skilmerkileg þar sem heiti myndar, dagsetning, nafn skóla og fjöldi nemenda kemur skýrt fram.

Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistöð og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smiðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í sölum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.



*Verkefnisstjóri: Oddný Sen*

*Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)*

*Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís*





**SÝNINGARPLAN VEGNA GRUNNSKÓLASÝNINGA VORIÐ 2024**

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

**JANÚAR**

fim	25.1.2024	10:00 Kirikou og galdranornin	1.-4.bekkur							
fim	25.1.2024	13:00 Edward Scissorhands	7.-10.bekkur							
þri	30.1.2024	10:00 Andri og Edda búa til leikhús	1.-4.bekkur							
þri	30.1.2024	13:00 Bunuel í völundarhúsi skjaldbakanna	8.-10.bekkur							

**FEBRÚAR**

fim	8.2.2024	10:00 Allt er í heiminum hverfult	7.-10.bekkur							
fim	8.2.2024	13:00 Hefndin	8.-10.bekkur							
fim	15.2.2024	10:00 Nellý Rapp	4.-7.bekkur							
fim	15.2.2024	13:00 Reiðhjólþjófarnir	9.-10.bekkur							

**VETRARFRÍ**

**FEBRÚAR**

þri	27.2.2024	10:00 Moonrise Kingdom	7.-10.bekkur							
þri	27.2.2024	13:00 Hefndin	8.-10.bekkur							

**MARS**

þri	5.3.2024	10:00 Viktoría og ráðgátan	5.-8.bekkur							
þri	5.3.2024	13:00 Óstýrilát	10.bekkur							
þri	12.3.2024	10:00 Andri og Edda búa til leikhús	1.-4. bekkur							
þri	12.3.2024	13:00 Reiðhjólþjófarnir	9.-10.bekkur							
fim	21.3.2024	10:00 Bunuel í völundarhúsi skjaldbakanna	8.-10.bekkur							
fim	21.3.2024	13:00 Nellý Rapp	4.-7.bekkur							

**PÁSKAFRÍ**

**APRÍL**

fim	4.4.2024	10:00 Hefndin/Reiðhjólþjófarnir	8.-10/9.-10.bekkur							
fim	4.4.2024	13:00 Óstýrilát	10.bekkur							
þri	9.4.2024	10:00 Viktoría og ráðgátan	5.-8.bekkur							
þri	9.4.2024	13:00 Allt er í heiminum hverfult	7.-10.bekkur							
fim	18.4.2024	10:00 Andri og Edda búa til leikhús	1.-4.bekkur							
fim	18.4.2024	13:00 Nellý Rapp	4.-7.bekkur							
þri	23.4.2024	10:00 Edward Scissorhands	7.-10.bekkur							
þri	23.4.2024	13:00 Viktoría og ráðgátan	5.-8.bekkur							
þri	30.4.2024	10:00 Moonrise Kingdom/Allt er í heiminum hverfu	7.-10.bekkur							
þri	30.4.2024	13:00 Bunuel í völundarhúsi skjaldbakanna	8.-10.bekkur							

**MAÍ**

fim	2.5.2024	10:00 Kirikou og galdranornin	1.-4.bekkur							
fim	2.5.2024	13:00 Edward Scissorhands	7.-10.bekkur							
þri	7.5.2024	10:00 Viktoría og ráðgátan/Nellý Rapp	4.-8./4.-7.bekkur							
þri	7.5.2024	13:00 Allt er í heiminum hverfult	7.-10.bekkur							
þri	14.5.2024	10:00 Andri og Edda búa til leikhús	1.-4.bekkur							
þri	14.5.2024	13:00 Moonrise Kingdom/Hefndin	7.-10/8.-10.bekkur							

- Hentar viðkomandi aldursþópi
- Getur hentað
- Tvær myndir sýndar á sama tíma

## KVIKMYNDIR



**KIRIKOU OG GALDRANORNIN** – Teiknimynd, ævintýri, afrískar þjóðsögur, viðureign góðs og ills, afrísk list, jákvæðni, hugrekki, lífsleikni. 1.-4. bekkur.



**ANDRI OG EDDA BÚA TIL LEIKHÚS** – Barnamynd, vinátta, listsköpun, gera góðverk, setja upp leiksýningu, leysa vandamál, vinátta, samstaða, hugrekki. 1.-4. bekkur. 3+



**BUNUEL Í VÖLUNDARHÚSI SKJALDBAKANNA** – Teiknimynd, kvikmyndagerð Buñuels, heimildamynd um fátækt hérað Spánar, listræn sköpun, heimildamyndagerð, bíóklassík. 8.-10. bekkur.



**VIKTORÍA OG RÁÐGÁTAN** – Sannsöguleg, sorg eftir móðurmíssi, einmanaleiki, samband fjölskyldu, að taka að sér gæludýr, spenna, hugljúf. 5.-8. bekkur.



**MOONRISE KINGDOM** – Gamanmynd, ástir ungmenna, óbyggðir, fósturfjölskylda, kvikmyndagerð Wes Anderson. 7.-10. bekkur.



**EDWARD SCISSORHANDS** – Einmanaleiki, að vera öðruvísi, listfengi, hugrekki, markmiðasetning, ástir ungmenna, uppfinningar, kvikmyndagerð Tim Burton. 7.-10. bekkur.



**REIÐHJÓLAÞJÓFARNIR**– Bíóklassík, Róm eftir seinna stríð, samband föðurs og sonar, þjófnaður, spenna. 9.-10. bekkur.

**HEFNDIN**– Einelti, vinátta, fjöl, kyldusambönd, sorg, fyrirgefning, spenna, hugljúf. 8.-10. bekkur.

**ÓSTÝRILÁT** – Réttindi kvenna í Danmörku á fjórða áratugnum, barátta fyrir réttlæti, markmiðasetning. 10. bekkur.

**ALLT ER Í HEIMINUM HVERFULT** – Leit þriggja ungmenna að vísindalegum skýringum á útdauða dýrategunda. Vísindaskáldsaga, lausnir, umhverfisvernd. 7.-10. bekkur.

**SKRÁNINGAR:** [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís

